

**8. haustþing SSNV,  
þriðjudaginn 15. október 2024**

---

# **ÞINGGJÖRÐ**



**Davíð Jóhannsson  
Sveinbjörg Rut Pétursdóttir**

## Efnisyfirlit

Þingsetning, kjör þingforseta og þingritara.....	3
Fulltrúatal .....	3
Fjárhags- og starfsáætlun 2025 .....	4
Ávörp .....	4
Kynning á Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2025-2029 .....	5
Tillögur og ályktanir lagðar fram .....	5
Stafrænt ráð Sveitarfélaga .....	5
Kynning á verkefnum Eims .....	5
Ungmennahúsið SSNV.....	5
Afgreiðsla nefndarálita og ársreiknings.....	6
Fjárhagsnefnd.....	6
Allsherjarnefnd .....	6

## Dagskrá:

### 08:40 Létt morgunhressing og skráning

### 09:00 Þingsetning

Einar E. Einarsson, formaður stjórnar SSNV (Þ4).

Kosning þingforseta, varaforseta, tveggja ritara og tveggja vararitara (Þ4).

### 09:10 Kjörnefnd kannar lögmati þingsins

### 09:15 Fjárhags- og starfsáætlun 2025 (S2.1)

Katrín M. Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri SSNV.

### 09:30 Ávörp:

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Matvælaráðherra.

Stefán Vagn Stefánsson, 1. þingmaður Norðvesturkjördæmis.

Teitur Björn Einarsson, 1. þingmaður Norðvesturkjördæmi

### 10:45 Kynning á Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2025-2029

Ásdís Sigurbergisdóttir og Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir ráðgjafar frá Aton JL.

### 11:30 Nefndarstörf

Fjárhagsnefnd fjallar um fjárhagsáætlun SSNV 2025.

Allsherjarnefnd fjallar um starfsáætlun SSNV 2025, Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2025-2029 og ályktun þingsins.

### 12:15 Hádegisverður

### 12:45 Stafrænt ráð Sveitarfélaga

Þórdís Sveinsdóttir, sviðsstjóri þróunarsviðs, fer yfir stöðu sameiginlegra stafrænna verkefna og vegferð um að samþættingu stafrænna þjónustu ríkis og sveitarfélaga.

### 13:15 Kynning á verkefnum Eims

Ottó Elíasson framkvæmdastjóri kynnir lykilverkefni á Norðurlandi vestra.

### 13:45 Ungmennaping SSNV

Guðlaugur Skúlason verkefnastjóri fer yfir lykilniðurstöður Ungmennapings SSNV

### 14:15 Afgreiðsla nefndarálita

### 15:00 Þingslit

## Þingsetning, kjör þingforseta og þingritara

Einar E. Einarsson formaður stjórnar SSNV, setti þingið og bauð þingfulltrúa og aðra gesti velkomna. Tilnefndi hann Alexöndru Jóhannesdóttur sem 1. þingforseta og Pétur Arason sem 2. þingforseta. Þá lagði hann til að þingritarar væru Davíð Jóhannsson og Sveinbjörg Rut Pétursdóttir og varaþingritarar Magnús Barðdal og Guðlaugur Skúlason starfsfólk SSNV.

Tillagan var samþykkt og tók þingforseti við stjórn þingsins.

Nefndir þingsins og fundarboðendur þeirra

þingforseti kynnti nefndir þingsins og lagði til að eftirtaldir aðilar kölluðu nefndirnar saman:

*Fjárhagsnefnd:* Halldór Ólafsson, Skagaströnd, kallar nefndina saman.

*Allsherjarnefnd:* Magnús Magnússon, Húnaþingi vestra, kallar nefndina saman.

## Fulltrúatal

Þorleifur Karl Eggertsson, formaður kjörnefndar, fór yfir fulltrúatal þingsins.

Rétt til fundarsetu með atkvæðisrétti eiga 25 fulltrúar og af þeim eru 21 mættir eða 84%

Mættir fulltrúar eru:

Nafn	Sveitarfélag	Aðal/vara
Guðmundur Haukur Jakobsson	Húnabyggð	aðal
Ragnhildur Harladsdóttir	Húnabyggð	aðal
Elín Ósk Gísladóttir	Húnabyggð	vara
Erla Jónsdóttir	Húnabyggð	aðal
Þorleifur Karl Eggertsson	Húnaþing vestra	aðal
Magnús Eðvaldsson	Húnaþing vestra	aðal
Sigríður Ólafsdóttir	Húnaþing vestra	aðal
Magnús Magnússon	Húnaþing vestra	aðal
Elín Lilja Gunnarsdóttir	Húnaþing vestra	vara
Einar E. Einarsson	Skagafjörður	aðal
Kristófer Már Maronsson	Skagafjörður	vara
Sigríður Magnúsdóttir	Skagafjörður	vara
Sólborg S. Borgarsdóttir	Skagafjörður	aðal
Sigurður Hauksson	Skagafjörður	aðal
Hildur Þóra Magnúsdóttir	Skagafjörður	vara
Sveinn Þ. Finster Úlfarsson	Skagafjörður	aðal
Jóhanna Ey Harðardóttir	Skagafjörður	aðal
Steinunn Rósa Guðmundsdóttir	Skagafjörður	vara
Álfhildur Leifsdóttir	Skagafjörður	aðal
Halldór G. Ólafsson	Skagaströnd	aðal
Arnar Ólafur Viggósson	Skagaströnd	vara

## Fjárhags- og starfsáætlun 2025

**Katrín M. Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri SSNV**, gerði grein fyrir fjárhagsáætlun og starfsáætlun SSNV fyrir árið 2025. Þingforseti vísaði fjárhagsáætlun SSNV fyrir 2025 til fjárhagsnefndar og starfsáætlun SSNV fyrir 2024 til allsherjarnefndar. Katrín studdist við glærur.

## Ávörp

Eftirtaldir fluttu erindi á haustþinginu:

- Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Matvælaráðherra.  
Matvælaráðherra þakkaði fyrir boðið á haustþingið og lýsti yfir ánægju sinni með að hafa tök á að ávarpa það, þar sem Norðurland vestra væri jafn mikið matvælahérað og raun bæri vitni um. Hún reifaði síðan nokkur af þeim málum, sem eru og/eða hafa verið ofarlega á baugi í ráðuneyti hennar og snerta mörg hver landshlutann beint eða óbeint s.s. lagareldisfrumvarp og nýja nálgun í riðuveikivörnum með verndandi arfgerðum. Í ljósi nýjustu vendinga á vettvangi ríkisstjórnarinnar notaði ráðherra að lokum tækifærið og þakkaði fyrir gott samstarf.
- Stefán Vagn Stefánsson, 1. þingmaður Norðvesturkjördæmis.  
Stefán Vagn reifaði þá óvenjulegu stöðu sem upp er kominn í landsmálum. Mikil óvissa væri um mörg mál, en þingið starfaði áfram. Bagalegt væri að fjárleg náí ekki í gegn sem og fjáráukalög og bandormur væru jafnframt í óvissu. Hann taldi einnig mikilvægt að Samgönguáætlun næði í gegn þar sem allar frestanir á árinu 2025 væru óheppilegar fyrir Norðurland vestra, en fyrirhugað fjármagn væri of lítið. Stefán lýsti yfir vonbrigðum með síendurtekna umræðu um Húnavallaleið og taldi hana óþarfa með öllu. Ljóst væri hins vegar að vetrarþjónusta yrði að batna. Hann kom síðan inn á erfiðleika í landbúnaði og að þeim yrði að mæta. Þegar kæmi að málefnum ríkisins sem snerta sveitarfélögin nefndi hann áhyggjur af málefnum fatlaðra barna með sértækan vanda. Að lokum lýsti hann þeirri skoðun sinni að ráðsat þyrfti í sertækt átak til eflingar Norðurlands vestara og nefndi sem dæmi hve staða óstaðbundinna starfa hefði ratað á villigötur og markmiðum með tilvist þeirra yrði ekki náð með núverandi hætti.  
-
- Teitur Björn Einarsson, 1. þingmaður Norðvesturkjördæmi  
Teitur Björn talaði á svipuðum nótum um þau óþægindi, sem upp komin óvissa í landsmálunum myndi skapa. Hann sagðist telja áhrif aðhaldsstigs fjárlaga myndu gera það að verkum að litlu væri hægt að hnika í afgreiðslu þeirra. Teitur Björn tók sérstaklega undir það hve vond áhrif það hefði að Samgönguáætlun hefði ekki ennþá komið fram.og að þar og í fleiri málaflokkum yrðu ákveðnir hlutir í lausi lofti um sinn. Til máls tóku: Magnús Magnússon og Álfhildur Leifsdóttir og svöruðu þingmenn framkomnum spurningum þeirra og athugasemdum

## Kynning á Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2025-2029

Ásdís Sigurbergsdóttir og Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir ráðgjafar frá Aton JL kynntu helstu atriði úr Sóknaráætlun landshlutans fyrir árin 2025 til 2029.

## Tillögur og ályktanir lagðar fram

Fyrir þinginu lágu eftirfarandi tillögur sem sendar höfðu verið send út með fundarboði og vísaði þingforseti þeim til viðkomandi nefnda:

### **Fjárhagsnefnd**

- Fjárhagsáætlun SSNV 2025

### **Allsherjarnefnd**

- Starfsáætlun SSNV 2025

- Ályktun þingsins

- Sóknaráætlun Norðurlands vestra

## *Hádegishlé*

## Stafrænt ráð Sveitarfélaga

Þórdís Sveinsdóttir, sviðsstjóri þróunarsviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, fór yfir stöðu sameiginlegra stafrænna verkefna og vegferð um að samþættingu stafrænna þjónustu ríkis og sveitarfélaga, ásamt Björgvin Sigurðssyni sérfræðingi í stafrænni þróun.

Þórdís og Björgvin studdust við glærur, sem má nálgast í viðauka.

## Kynning á verkefnum Eims

Ottó Elíasson framkvæmdastjóri kynnti lykilverkefni Eims á Norðurlandi vestra.

Ottó studdist við glærur, sem má nálgast í viðauka.

## Ungmennaping SSNV

Guðlaugur Skúlason verkefnastjóri fór yfir lykilniðurstöður Ungmennapings SSNV

Guðlaugur studdist við glærur, sem má nálgast í viðauka.

## Afgreiðsla nefndarálita og ársreiknings

### Fjárhagsnefnd

**Halldór Gunnar Ólafsson** gerði grein fyrir tillögum fjárhagsnefndar.

*8. haustþing SSNV, haldið 15. október 2024, samþykkir framlagða fjárhagsáætlun SSNV fyrir árið 2025.*

Tillagan var samþykkt með 21 atkvæði.

Fjárhagsáætlun má nálgast [hér](#)

### Allsherjarnefnd

**Magnús Magnússon** gerði grein fyrir tillögum allsherjarnefndar.

*8. haustþing SSNV, haldið 15. október 2024, samþykkir framlagða Sóknaaráætlun Norðurlands vestra fyrir árin 2025 til 2029*

Tillagan var samþykkt með 21 atkvæði.

Sóknaaráætlun má nálgast [hér](#)

*8. haustþing SSNV, haldið 15. október 2024, samþykkir framlagða starfsáætlun SSNV fyrir árið 2025.*

Tillagan var samþykkt með 21 atkvæði.

Starfsáætlun má nálgast [hér](#)

*8. haustþing SSNV, haldið 15. október 2024, samþykkir fyrirliggjandi ályktun þingsins er snýr að hagsmunamálum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og íbúa þeirra með framkomnum breytingum.*

Ályktanir má sjá [hér](#)

Tillagan var samþykkt með 21 atkvæði.

Pingslit:

**Einar Einarsson, formaður SSNV,** þakkaði fyrir gott þing, bauð til næsta ársþings 11. apríl 2025 í Skagafirði og sagði þinginu slitið.

**Pétur Arason, þingforseti,** þakkaði fyrir gott þing.

Þinggjörðina rituðu  
Davíð Jóhannsson og Sveinbjörg Rut Pétursdóttir  
starfsmenn SSNV.